

Tillaga

Borgarstjórn felur Innri endurskoðun að yfirfara og birta upplýsingar um fjárstyrki vegna þátttöku þeirra borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa, sem kjörnir voru í sveitarstjórnar-kosningunum 2006 og sem þess óska, í prófkjörum og forvölum. Hið sama gildi um fjárstyrki vegna þátttöku annarra fulltrúa, sem kjörnir hafa verið í ráð og nefndir á vegum borgarinnar á yfirstandandi kjörtímabili, í prófkjörum og forvölum. Þeir ofantaldir fulltrúar sem þess óska geti beðið um samsvarandi rannsókn lengra aftur í tímann. Slík beiðni til Innri endurskoðunar inniberi samþykki viðkomandi á ítarlegri rannsókn, þar á meðal rofs á bankaleynd. Rannsókninni verði flýtt eins mikið og unnt er.

Greinargerð

Æra kjörinna fulltrúa í borgarstjórn, Alþingi og sveitastjórnnum víðsvegar á landinu hefur beðið hnekki í ölduróti almenns siðleysis tengdu hruni íslenska fjármálakerfisins og fregnum af risastyrkjum til stjórnamálaflokka.

Ljóst er að ákveðnir auðjöfrar svifust einskis í takmarkalausri sókn eftir skammtímagróða og eftir því sem meiri upplýsingar af háttsemi þeirra koma fram, og verða fleiri og stærri, hefur tortryggni almennings í garð stjórnmalafólks aukist.

Í meðfylgjandi tillögu felst engin ásökun í garð borgarfulltrúa eða annarra kjörinna fulltrúa borgarstjórnar. Þvert á móti er tilgangur hennar að kjörnum fulltrúum gefist kostur á að hreinsa nafn sitt og endurheimta þannig það traust sem borgarstjórn er nauðsynleg.

Lagt er til að innri endurskoðun verði falið að rannsaka prófkjör kjörinna fulltrúa borgarinnar með tilliti til fjárstuðnings á ákveðnu tímabili, óski þeir eftir því, en heimild er gefin til að hafa tímarammann rýmri.

Óski kjörinn fulltrúi eftir umræddri rannsókn er litið svo á að þar með sé Innri endurskoðun gefin víðtæk heimild til rannsóknar og þar með fullan aðgang að upplýsingum frá fjármálastofnunum tengdum viðkomandi.

Innri endurskoðun skal miða vinnu sína, eftir því sem við á og að gættu meðalhófi, við lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162 21. Desember 2006. Í V. Kafla laganna þar sem fjallað er um reikningsskil og upplýsingaskyldu í persónukjöri segir í 10. gr. „Frambjóðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.“ og er því lagt til að sú viðmiðun verði höfð til hliðsjónar og samanlagður kostnaður vegna prófkjörsbáttu sem er undir 300.000. kr. verði ekki gerður opinber nema viðkomandi óski þess.

Að öðru leiti skal Innri endurskoðun, að rannsókn lokinni, birta opinberlega eða gefa fjölmiðlum aðgang niðurstöðu sinni.